

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Reykjavík 21. mars 2022

Fyrirspurn fulltrúa miðflokksins um Kjarvalsstofu í París

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þann 14. febrúar 2022 lagði fulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Hver var kostnaður Reykjavíkurborgar við endurbætur á húsnæði Kjarvalsstofu í París?
2. Hvað tóku endurbæturnar langan tíma?
3. Unnu erlendir eða innlendir aðilar að endurbótunum?
4. Hvernig voru þessir aðilar valdir?

Fyrirspurninni er svarað af menningar- og ferðamálasviði í sömu röð og spurningarnar sem lagðar voru fram.

1. Hver var kostnaður Reykjavíkurborgar við endurbætur á húsnæði Kjarvalsstofu í París?

Heildarkostnaður við endurbætur á húsnæði Kjarvalsstofu í París var 36.793 EUR. Hlutur Reykjavíkurborgar í kostnaði er varðar Kjarvalsstofu er 70% og því var kostnaður sem borgin bar 25.755 EUR. Menningar- og viðskiptaráðuneytið greiddi 30% kostnaðar samkvæmt samningi ríkis og borgar.

Engar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu í heillangan tíma og fjöldi ábendinga frá aðilum sem hafa dvalið í íbúðinni undanfarin ár gaf til kynna að löngu væri kominn tími á viðhald.

2. Hvað tóku endurbæturnar langan tíma?

Endurbæturnar fóru fram á tímabilinu 25. október 2021 til 31. desember 2021.

3. Unnu erlendir eða innlendir aðilar að endurbótunum?

Erlendir aðilar unnu að endurbótunum, nánar tiltekið fyrirtækið Huot. Umsjón og eftirlit með endurbótum og viðhaldi á Kjarvalsstofu í París er í höndum Cité internationale des arts. Það eru þau samtök sem reka húsnæðið þar sem Kjarvalsstofa er ásamt listamannaíbúðum fjölmargra annarra landa og borga.

4. Hvernig voru þessir aðilar valdir?

Ósk Reykjavíkurborgar um endurbætur á húsnæðinu var komið á framfæri við Cité internationale des arts í febrúar 2021. Þar sem samtökin voru þá þegar með samning við aðila um endurbætur á öðrum íbúðum í húsnæðinu var bið á að hægt væri að fara í næsta útboð. Útboð á endurbótum á

Kjarvalsstofu og fleiri íbúðum í byggingunni var síðan auglýst í júlí 2021 og í byrjun október lá valið fyrir sem var eins og áður segir fyrirtækið Huot.